

**AUGLÝSING**  
**um samning um forréttindi og friðhelgi**  
**Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.**

Hinn 19. mars 2007 var framkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um forréttindi og friðhelgi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar sem gerður var í Vín 1. júlí 1959. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 19. mars 2007.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****SAMNINGUR  
um forrétindi og friðhelgi  
Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.**

Í C-lið XV. gr. stofnskrár Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er mælt fyrir um að skilgreina beri rétt hæfi, forrétindi og friðhelgi, er um getur í þeirri grein, í sérsamningi eða -samningum milli stofnunarinnar, sem framkvæmdastjórinn fer fyrir í því augnamiði í umboði og samkvæmt fyrirmælum stjórnarinnar, og aðildarríkjanna,

samþykktur hefur verið samningur um tengsl stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna í samræmi við XVI. gr. stofnskrárinnar og

allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur, með það í huga að samræma, eftir því sem við verður komið, forrétindi og friðhelgi sem Sameinuðu þjóðirnar njóta, ásamt ýmsum stofnunum sem tengst hafa Sameinuðu þjóðunum, samþykkt samninginn um forrétindi og friðhelgi sérstofnana og hafa fjölmörg aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gerst aðilar að honum.

**STJÓRNIN**

1. HEFUR SAMÞYKKT, án þess að skuldbinda þær ríkisstjórnir sem eiga fulltrúa í stjórninni, textann hér að aftan sem almennt er samkvæður við samninginn um forrétindi og friðhelgi sérstofnana og
2. HVETUR aðildarríki stofnunarinnar til þess að skoða samning þennan ítarlega og staðfesta hann, telji þau það við hæfi.

**I. gr.***Skilgreiningar.*

1. *Þáttur.* Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- i. „stofnunin“ merkir Alþjóðakjarnorkumálastofnunina,
- ii. „eignir og fjármunir“ tekur, að því er III. gr. varðar, einnig til eigna og sjóða sem stofnunin hefur í vörslu sinni eða umsjón með og er ætlað að gera henni kleift að sinna hlutverkum sínum samkvæmt stofnskrá,
- iii. „fulltrúar aðildarríkja“ telst, að því er varðar V. og VIII. gr., taka til allra stjórnarmanna, fulltrúa, varamanna, ráðgjafa, tæknisérfræðinga og ritara sendinefnda,
- iv. „fundir sem stofnunin kallar saman“ merkir í 12., 13., 14., og 27. þætti:
  1. fundi aðalráðstefnu hennar og stjórnar,
  2. fundi alþjóðlegra ráðstefna, málþinga, málstofa eða nefnda sem hún boðar til og
  3. nefndarfundi allra þessara aðila,
- v. „embættismenn stofnunarinnar“ merkir, að því er varðar VI. og IX. gr., framkvæmdastjórnann og allt starfslið stofnunarinnar, að því undanskildu sem er staðarráðið og fær greitt tímakaup.

**II. gr.***Lögaðili.*

2. *Þáttur.* Stofnunin skal hafa réttarstöðu lögaðila. Hún skal vera hæf til að a) gera samninga, b) festa kaup á fasteignum og lausafjármunum og ráðstafa slíkum eignum og c) höfða mál fyrir dómstólum.

**III. gr.***Eignir, sjóðir og fjármunir.*

3. *Þáttur.* Stofnunin, eignir hennar og fjármunir skulu, hvar sem þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau, vera undanþegin málarekstri í hvaða mynd sem er, nema að því marki sem hún hefur, í tilteknu máli, afsalað friðhelgi sérstaklega. Engu að síður ríkir sá skilningur að ekkert afsal friðhelgi skuli ná til fullnustugerða hverju nafni sem þær nefnast.

4. *Þáttur.* Athafnasvæði stofnunarinnar skal njóta friðhelgi. Eignir stofnunarinnar og fjármunir skulu, hvar sem þau eru staðsett og hver sem varðveitir þau, vera undanþegin leit, kröfu um afhendingu, upptöku, eignarnám og hvers kyns annars konar íhlutun, hvort sem um ræðir aðgerðir á sviði fullnustu, stjórnsýslu, dómsmála eða lagasetningar.

5. *Þáttur.* Skjalasafn stofnunarinnar og almennt öll skjöl, sem henni tilheyra eða hún hefur umráð yfir, skulu vera friðhelg hvar sem þau eru staðsett.

6. *Þáttur.* Án þess að vera bundin af hvers kyns fjárhagseftirliti, reglugerðum eða greiðslustöðvun:

- a) getur stofnunin haft umráð yfir sjóðum, gulli eða fé í hvaða gjaldmiðli sem er og haldið reikninga í hvaða gjaldmiðli sem er,
- b) er stofnuninni frjálst að yfirfæra sjóði sína, gull eða gjaldeyri frá einu landi til annars eða innan hvaða lands sem er og að breyta gjaldmiðli, sem hún hefur umráð yfir, í hvaða annan gjaldmiðli sem er.

7. *Þáttur.* Þegar stofnunin neytir réttinda sinna skv. 6. þætti skal hún taka tilhlýðilegt tillit til framkominna sjónarmiða ríkisstjórnar hvaða aðildarríkis að samningi þessum sem er, svo fremi að talið sé unnt að koma til móts við slík sjónarmið án þess að hagsmunir stofnunarinnar skaðist.

8. *Þáttur.* Stofnunin, fjármunir hennar, tekjur og aðrar eignir skulu:

- a) undanþegin öllum beinum sköttum. Sá skilningur ríkir hins vegar að stofnunin muni ekki krefjast undanþágu frá sköttum sem í raun eru aðeins gjöld fyrir almannatjónustu,
- b) undanþegin tollum og innflutnings- og útflutningsbönnum og -takmörkunum að því er varðar muni sem stofnunin flytur inn eða út til opinberra nota í eigin þágu. Sá skilningur ríkir hins vegar að munir, sem eru fluttir inn samkvæmt slíkri undanþágu, verði ekki seldir í því landi sem þeir voru fluttir inn til, nema samkvæmt skilyrðum sem samið er um við stjórnvöld í því landi,
- c) undanþegin tollum og innflutnings- og útflutningsbönnum og -takmörkunum að því er varðar útgefið efni stofnunarinnar.

9. *Þáttur.* Enda þótt stofnunin muni almennt ekki fara fram á undanþágu frá vörugjaldi og sköttum vegna sölu lausafjármuna og fasteigna, sem eru hluti af því verði sem greiða á, munu aðildarríki að samningi þessum engu að síður og hvenær sem það er unnt, þegar stofnunin gerir mikilvæg kaup á eignum til opinberra nota sem fyrrnefndir tollar og skattar hafa verið lagðir á eða er heimilt að leggja á, gera viðeigandi stjórnvaldsráðstafanir til þess að endurgreiða eða skila þeirri fjárhæð sem tollinum eða skattinum nemur.

#### IV. gr.

##### *Aðstaða til samskipta.*

10. *Þáttur.* Að því er varðar opinber samskipti skal stofnunin hljóta meðferð, á landsvæði sérhvers aðildarríkis að samningi þessum og að því marki sem kann að samræmast alþjóðlegum samningum, reglum og fyrirkomulagi sem hlutaðeigandi ríki á aðild að, sem er ekki óhagstæðari en stjórnvöld í hlutaðeigandi ríki veita stjórnvöldum annarra ríkja, meðal annars sendiráðum þeirra síðarnefndu, með tilliti til forgangs, gjalda og skatta að því er varðar póst, fjarskipti og gjöld fyrir upplýsingar ætluðum blöðum og útvarpi.

11. *Þáttur.* Eigi skal ritskoða opinber bréfaskipti stofnunarinnar og önnur opinber samskipti hennar.

Stofnunin á rétt á að nota dulmálslykla og senda og taka við bréfum og öðrum opinberum orðsendingum með boðberum eða í innsigliðum sekkjum sem um gilda sama friðhelgi og sömu forréttindi og um stjórnarpóstbera og stjórnarpóst.

Ekkert í þætti þessum skal túlka þannig að komi í veg fyrir að samþykktar verði viðeigandi öryggisráðstafanir sem verði skilgreindar í samningi milli aðildarríkis að samningi þessum og stofnunarinnar.

## V. gr.

*Fulltrúar aðildarríkja.*

12. *Þáttur.* Fulltrúar aðildarríkja á fundum, sem stofnunin kallar saman, skulu njóta eftirfarandi forréttinda og friðhelgi þegar þeir vinna störf sín og á ferðum sínum til og frá fundarstað:

- a) vera undanþegnir handtöku eða varðhaldi og haldlagningu persónulegs farangurs þeirra og undanþegnir hvers kyns málarekstri vegna orða í ræðu eða riti og allra gerða þeirra í þágu starfa þeirra fyrir stofnunina,
- b) friðhelgi að því er varðar alla pappíra og skjöl,
- c) rétt til að nota dulmálslykla og taka við skjölum eða bréfum með boðberum eða í innsigliðum sekkjum,
- d) undanþágu fyrir sjálfa sig og maka sína frá takmörkunum sem gilda um innflytjendur, kröfum sem gilda um skráningu útlendinga eða þegniskyldu í því ríki sem þeir heimsækja eða fara um þegar þeir vinna störf sín,
- e) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft eða takmarkanir á gjaldeyrisskiptum og fulltrúum erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, er veitt,
- f) sömu friðhelgi og aðstöðu að því er varðar persónulegan farangur þeirra og er veitt starfsmönnum sendiráða sem gegna sambærilegri stöðu.

13. *Þáttur.* Veita ber áfram friðhelgi, að því er varðar málarekstur vegna orða fulltrúa aðildarríkja stofnunarinnar í ræðu eða riti og allra gerða þeirra við skyldustörf, þrátt fyrir að viðkomandi einstaklingar gegni ekki lengur slíkum skyldustörfum, í því skyni að tryggja fyrrnefndum fulltrúum fullt málfrelsi og fullt sjálfstæði við skyldustörf á fundum sem stofnunin kallar saman.

14. *Þáttur.* Sé skattlagning af einhverju tagi háð búsetu skulu tímabil, þegar fulltrúar aðildarríkja stofnunarinnar eru staddir í aðildarríki við skyldustörf á fundum sem stofnunin kallar saman, ekki talin búsetutími.

15. *Þáttur.* Fulltrúum aðildarríkja eru ekki veitt forréttindi og friðhelgi þeim til persónulegs ávinnings heldur í því skyni að tryggja að þeir geti unnið störf sín fyrir stofnunina á sjálfstæðan hátt. Þar af leiðir að aðildarríki hefur ekki einvörðungu rétt heldur ber því skylda til að afsala friðhelgi fulltrúa sinna ávallt þegar aðildarríkið telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að með því sé hvikað frá þeim markmiðum sem slík friðhelgi á að þjóna.

16. *Þáttur.* Ákvæði 12., 13. og 14. þáttar gilda ekki gagnvart yfirvöldum í því ríki þar sem viðkomandi einstaklingur hefur ríkisfang eða sem hann er eða hefur verið fulltrúi fyrir.

## VI. gr.

*Embættismenn.*

17. *Þáttur.* Stofnunin skal tilkynna stjórnvöldum í öllum ríkjum, sem eiga aðild að samningi þessum, af og til um nöfn þeirra embættismanna sem ákvæði þessarar greinar og IX. gr. gilda um.

18. *Þáttur.*

- a) Embættismenn stofnunarinnar skulu:
  - i. Undanþegnir málarekstri vegna orða þeirra í ræðu eða riti og allra gerða þeirra í þágu starfa þeirra,
  - ii. njóta sömu undanþága frá sköttum á laun og þóknanir, sem stofnunin greiðir þeim, með sömu skilyrðum og gilda um embættismenn Sameinuðu þjóðanna,
  - iii. undanþegnir, ásamt mökum og skylduliði á framfæri þeirra, takmörkunum sem gilda um innflytjendur og kröfum sem gilda um skráningu útlendinga,
  - iv. njóta sömu friðhelgi að því er varðar gjaldeyrisskipti og er veitt embættismönnum sendiráða sem gegna sambærilegri stöðu,
  - v. njóta, ásamt mökum og skylduliði á framfæri þeirra, sömu heimsendingaraðstöðu og er veitt embættismönnum sendiráða, sem gegna sambærilegri stöðu, þegar alþjóðlegt hættuástand ríkir,

- vi. eiga rétt á að flytja inn tollfrjálst húsgögn sín og persónulegar eigur þegar þeir taka við stöðu sinni í fyrsta sinn í hlutaðeigandi ríki.
- b) Embættismenn stofnunarinnar skulu, þegar þeir vinna störf eftirlitsaðila skv. XII. gr. stofnskrár stofnunarinnar eða störf skoðunarmanns verkefna skv. XI. gr. hennar og þegar þeir ferðast í þágu starfa sinna til eða frá þeim stað þar sem þeir vinna störf sín, njóta allra þeirra viðbótarforréttinda og -friðhelgi, sem sett eru fram í VII. gr. samnings þessa, að því marki sem er nauðsynlegt til þess að unnt sé að gegna fyrrnefndum störfum á skilvirkan hátt.

19. *þáttur.* Embættismenn stofnunarinnar skulu undanþegnir þegnskyldu, að því tilskildu, að því er varðar þau ríki þar sem þeir hafa ríkisfang, að slíkar undanþágur séu takmarkaðar við þá embættismenn stofnunarinnar sem, vegna skyldustarfa sinna, hafa nöfn sín færð í skrá sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar tekur saman og hlutaðeigandi ríki samþykkir.

Komi til þess að aðrir embættismenn stofnunarinnar séu kallaðir til þess að sinna þegnskyldu skal hlutaðeigandi ríki fresta, að beiðni stofnunarinnar, kvaðningu slíkra embættismanna eins lengi og kann að reynast nauðsynlegt til að komast hjá því að trufla framgang mikilvægra verka.

20. *þáttur.* Auk þeirrar friðhelgi og forréttinda sem eru tilgreind í 18. og 19. þætti hér að framan skal framkvæmdastjóri stofnunarinnar, ásamt með öllum embættismönnum sem koma fram fyrir hans hönd í fjarveru hans, njóta, ásamt maka sínum og ólöggráða börnum, þeirra forréttinda og friðhelgi, undanþága og aðstöðu sem diplómatiskir sendifulltrúar njóta, ásamt mökum sínum og ólöggráða börnum, í samræmi við reglur Þjóðaréttar. Staðgengli framkvæmdastjórans eða jafnháttsettum embættismönnum stofnunarinnar skal veita sömu forréttindi og friðhelgi, undanþágur og aðstöðu.

21. *þáttur.* Embættismönnum eru veitt forréttindi og friðhelgi aðeins með hagsmuni stofnunarinnar í huga en ekki til persónulegs ávinnings fyrir einstaklingana sem slíka. Stofnunin skal hafa rétt og ber skylda til að afsala friðhelgi embættismanna ávallt þegar hún telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að fórna hagsmunum stofnunarinnar.

22. *þáttur.* Stofnunin skal ávallt eiga samstarf við réttbær yfirvöld aðildarríkja í því skyni að greiða fyrir tilhlýðilegri réttarvörslu, tryggja að lögreglusamþykktum sé hlítt og að koma í veg fyrir misnotkun í tengslum við forréttindi, friðhelgi og aðstöðu sem um getur í þessari grein.

#### VII. gr.

##### *Sérfræðingar sem reka erindi stofnunarinnar.*

23. *þáttur.* Veita ber sérfræðingum (öðrum en embættismönnum sem falla undir gildissvið VI. gr.), sem starfa í nefndum stofnunarinnar eða sinna erindum fyrir hana, m.a. sem eftirlitsaðilar skv. XII. gr. stofnskrár stofnunarinnar og skoðunarmenn verkefna skv. XI. gr. hennar, eftirtalin forréttindi og friðhelgi að því marki sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti gegnt störfum sínum á skilvirkan hátt, m.a. á ferðum sínum í tengslum við nefndarstörf eða erindrektur:

- a) að vera undanþegnir handtöku eða varðhaldi og haldlagningu persónulegs farangurs þeirra,
- b) að vera undanþegnir hvers kyns málarekstri vegna orða í ræðu eða riti eða gerða þeirra þegar þeir gegna opinberum störfum sínum og skal slík friðhelgi vara þrátt fyrir að hlutaðeigandi einstaklingur starfi ekki lengur í nefndum á vegum stofnunarinnar eða reki erindi hennar,
- c) friðhelgi að því er varðar alla pappíra og skjöl,
- d) rétt, vegna samskipta þeirra við stofnunina, til þess að nota dulmálslykla og taka við skjölum og bréfum með boðberum eða í innsigliðum sekkjum,
- e) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft eða takmarkanir á gjaldeyrisskiptum og fulltrúum erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, er veitt,
- f) sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyrishöft eða takmarkanir á gjaldeyrisskiptum og starfsmönnum sendiráða, sem gegna sambærilegri stöðu, er veitt.

24. *þáttur.* Ekkert í c- og d-lið 23. þáttar skal túlka þannig að komi í veg fyrir að samþykktar verði viðeigandi öryggisráðstafanir sem verði skilgreindar í samningi milli aðildarríkis að samningi þessum og stofnunarinnar.

25. *Þáttur.* Sérfræðingum stofnunarinnar eru veitt forrættindi og friðhelgi með hagsmuni hennar í huga en ekki til persónulegs ávinnings fyrir einstaklingana sem slíka. Stofnunin skal hafa rétt og ber skylda til að afsala friðhelgi sérfræðinga, ávallt þegar hún telur að slík friðhelgi hefti framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að fórna hagsmunum stofnunarinnar.

#### VIII. gr.

##### *Misnotkun forrættinda.*

26. *Þáttur.* Telji aðildarríki að samningi þessum að forrættindi eða friðhelgi, sem samningurinn veitir, hafi verið misnotuð skulu aðildarríkið og stofnunin eiga samráð sín á milli til þess að fá úr því skorið hvort um slíka misnotkun hafi verið að ræða og, ef svo er, að leitast við að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki. Leiði slíkt samráð ekki til viðunandi niðurstöðu fyrir aðildarríkið og stofnunina skal leysa ágreining um hvort forrættindi eða friðhelgi hafi verið misnotuð með málsmeðferð í samræmi við ákvæði 34. þáttar. Komi í ljós að slík misnotkun hafi átt sér stað ber því aðildarríki að samningi þessum sem misnotkunin bitnar á réttur til þess að synja stofnuninni um ávinning af þeim forrættindum eða þeirri friðhelgi sem þannig var misnotuð, eftir að hafa tilkynnt stofnuninni um það. Synjun um forrættindi eða friðhelgi skal, samt sem áður, ekki trufla meginstarfsemi stofnunarinnar eða koma í veg fyrir að stofnunin geti sinnt mikilvægustu hlutverkum sínum.

27. *hluti.* Landstjórn skal eigi krefjast þess að fulltrúar aðildarríkja á fundum, sem stofnunin kallar saman, skuli, þegar þeir vinna opinber störf sín og á ferðum sínum til og frá fundarstað, ásamt embættismönnum í skilningi V. mgr. 1. þáttar, yfirgefa landið, þar sem þeir vinna störf sín, sakir verka sinna í þágu stofnunarinnar. Hins vegar kunna stjórnvöld í fyrrnefndu landi að krefjast þess að einstaklingur, sem misnotar forrættindi, sem felast í búsetu, með háttsemi sinni í fyrrnefndu landi sem er opinberu starfi hans óviðkomandi, yfirgefi það, að því tilskildu:

- a) að eigi skuli gerð krafa um að fulltrúar aðildarríkja, eða einstaklingar sem úrlendisréttur gildir um skv. 20. þætti, yfirgefi landið með öðrum hætti en samkvæmt diplómatiskeum starfsaðferðum sem gilda um diplómatiska sendifulltrúa sem eru trúnaðarbundnir í fyrrnefndu landi,
- b) að þegar um ræðir embættismann, sem ákvæði 20. þáttar gilda ekki um, skuli hlutaðeigandi svæðisyfirvöld aðeins gefa út skipun um að yfirgefa landið með samþykki utanríkisráðherra hlutaðeigandi lands og skuli einungis veita slíkt samþykki að loknu samráði við framkvæmdastjóra stofnunarinnar og sé málsmeðferð hafin vegna brottvísunar embættismanns beri framkvæmdastjóranum réttur til að koma fram fyrir hönd þess einstaklings sem slík málsmeðferð beinist gegn.

#### IX. gr.

##### *Ferðabréf.*

28. *Þáttur.* Embættismönnum stofnunarinnar ber réttur til að nota ferðabréf Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stjórnunarfyrikomulag sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar og aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna koma sér saman um. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal tilkynna hverju aðildarríki að samningi þessum um það stjórnunarfyrikomulag sem samkomulag verður um með fyrrgreindum hætti.

29. *Þáttur.* Aðildarríki að samningi þessum skulu viðurkenna og samþykkja ferðabréf Sameinuðu þjóðanna, gefin út til handa embættismönnum stofnunarinnar, sem gild ferðaskilríki.

30. *Þáttur.* Afgreiða ber umsóknir embættismanna stofnunarinnar, sem eru handhafar ferðabréfa Sameinuðu þjóðanna og hafa skilríki sem staðfesta að þeir ferðist í erindagerðum fyrir stofnunina, um vegabréfsáritanir, sé þeirra krafist, eins fljótt og við verður komið. Að auki skal greiða fyrir fljótri för slíkra einstaklinga.

31. *Þáttur.* Sérfræðingar og aðrir einstaklingar, sem þrátt fyrir að vera ekki handhafar ferðabréfa Sameinuðu þjóðanna hafa skilríki sem staðfestir að þeir ferðist í erindagerðum fyrir stofnunina, skulu fá sams konar fyrirgreiðslu og um getur í 30. þætti.

32. *Þáttur.* Framkvæmdastjóri, staðgengill framkvæmdastjóra og aðrir embættismenn, eigi lægra settir en deildarstjórar hjá stofnuninni, sem ferðast með ferðabréf Sameinuðu þjóðanna í erindagerðum

fyrir stofnunina, skulu fá sömu fyrirgreiðslu á ferðum sínum og er veitt embættismönnum sendiráða sem gegna sambærilegum stöðum.

X. gr.

*Lausn deilumála.*

33. *Þáttur.* Stofnunin skal setja verklagsreglur um lausn:

- a) deilumála sem rísa vegna samninga og annarra deilna á sviði einkamálaréttar sem stofnunin á aðild að,
- b) deilumála sem embættismaður eða sérfræðingur stofnunarinnar, sem nýtur friðhelgi vegna opinberrar stöðu sinnar, á aðild að, hafi friðhelgi ekki verið afsalað í samræmi við ákvæði 21. eða 25. þáttar.

34. *Þáttur.* Vísa ber öllum ágreiningi, sem ris vegna túlkunar eða beitingar samnings þessa, til Alþjóðadómstólsins í Haag í samræmi við stofnsamþykkt dómstólsins, nema deiluaðilar sammælist um, í tilteknu máli, að beita annarri aðferð til lausnar deilumálum. Rísi ágreiningur milli stofnunarinnar og aðildarríkis og deiluaðilar ná ekki samkomulagi um aðra leið til lausnar deilunni skal leita eftir ráðgefandi áliti um lagaleg atriði, er málið varða, í samræmi við 96. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 65. gr. stofnsamþykktar dómstólsins og samkvæmt viðeigandi ákvæðum samningsins sem Sameinuðu þjóðirnar og stofnunin hafa gert sín á milli. Deiluaðilar skulu samþykka að ráðgefandi álit dómstólsins ráði úrslitum.

XI. gr.

*Túlkun.*

35. *Þáttur.* Túlka ber ákvæði samnings þessa í ljósi þeirra hlutverka sem stofnuninni eru fengin samkvæmt stofnskránni.

36. *Þáttur.* Ákvæði samnings þessa takmarka á engan hátt eða skaða forréttindi og friðhelgi sem ríki hefur veitt eða kann að veita stofnuninni sakir þess að aðalstöðvar hennar eða svæðisskrifstofur eru staðsettar á landsvæði þess eða sakir embættismanna, sérfræðinga, efnis, tækjabúnaðar eða aðstöðu sem tengjast verkefnum eða starfsemi stofnunarinnar, meðal annars því að gerðar séu öryggisráðstafanir vegna verkefna stofnunarinnar eða aðrar ráðstafanir. Eigi skal líta svo á að samningur þessi komi í veg fyrir að stofnin og aðildarríki að honum geri með sér viðbótarsamninga til endurbóta á ákvæðum samnings þessa eða í því skyni að auka eða skerða þau forréttindi og þá friðhelgi sem eru veitt honum samkvæmt.

37. *Þáttur.* Sjálfur samningurinn skal ekki koma til framkvæmda með þeim hætti að ákvæði hans felli úr gildi eða víki frá nokkrum ákvæðum stofnskrár stofnunarinnar eða réttindum eða skuldbindingum sem stofnunin kann að hafa, öðlast eða takast á hendur með öðrum hætti.

XII. gr.

*Lokaákvæði.*

38. *Þáttur.* Senda ber samning þennan sérhverju aðildarríki stofnunarinnar til staðfestingar. Staðfesting fer fram með því að afhenda framkvæmdastjóranum skjal um staðfestingu til vörslu og skal samningurinn öðlast gildi, að því er sérhvert aðildarríki varðar, þann dag þegar skjal þess um staðfestingu er afhent til vörslu. Sá skilningur ríkir að þegar skjal um staðfestingu er afhent til vörslu fyrir hönd sérhvers ríkis muni hlutaðeigandi ríki vera í stöðu til þess, landslögum sínum samkvæmt, að framfylgja skilmálum samnings þessa. Framkvæmdastjórinn skal senda stjórnvöldum sérhvers ríkis, sem er aðili að stofnuninni eða gerist aðili að henni síðar meir, staðfest endurrit samnings þessa og tilkynna öllum aðildarríkjum um afhendingu sérhvers skjals um staðfestingu til vörslu og um framlagningu tilkynninga um uppsögn, samanber ákvæði 39. þáttar.

Aðildarríki er heimilt að gera fyrirvara við samning þennan. Fyrirvara má aðeins gera þegar aðildarríki afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörslu og ber framkvæmdastjóranum að tilkynna öllum aðildarríkjum um hann þegar í stað.

39. *Þáttur*. Samningur þessi er í gildi milli stofnunarinnar og sérhvers aðildarríkis, sem hefur afhent skjal um staðfestingu til vörslu, eins lengi og hlutaðeigandi aðildarríki er aðili að stofnuninni, eða uns stjórnin hefur samþykkt endurskoðaðan samning og hlutaðeigandi aðildarríki gerst aðili að honum, með því skilyrði þó að leggi aðildarríki fram tilkynningu um uppsögn hjá framkvæmdastjórninum skuli samningur þessi falla úr gildi gagnvart slíku aðildarríki einu ári eftir að framkvæmdastjórinn veitir slíkri tilkynningu viðtöku.

40. *Þáttur*. Stjórn stofnunarinnar skal, að fram kominni beiðni þriðjungs aðildarríkja að samningi þessum, taka til umfjöllunar hvort samþykkja beri breytingar á honum. Breytingar, sem stjórnin samþykkir, öðlast gildi jafnhliða því að þær hljóta staðfestingu í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 38. þætti.



**Agreement**  
**on the Privileges and Immunities**  
**of the International Atomic Energy Agency**

WHEREAS Article XV.C of the Statute of the International Atomic Energy Agency provides that the legal capacity, privileges and immunities referred to in that Article shall be defined in a separate agreement or agreements between the Agency, represented for this purpose by the Director General acting under the instructions of the Board of Governors, and the Members;

WHEREAS an Agreement Governing the Relationship between the Agency and the United Nations has been adopted in accordance with Article XVI of the Statute; and

WHEREAS the General Assembly of the United Nations, contemplating the unification as far as possible of the privileges and immunities enjoyed by the United Nations and by the various agencies brought into relationship with the United Nations, has adopted the Convention on the Privileges and Immunities of the Specialized Agencies, and a number of Members of the United Nations have acceded thereto;

THE BOARD OF GOVERNORS

1. HAS APPROVED, without committing the Governments represented on the Board, the text below, which in general follows the Convention on the Privileges and Immunities of the Specialized Agencies; and
2. INVITES the Members of the Agency to consider and, if they see fit, to accept this Agreement.

Article I  
*Definitions*

*Section 1.* In this Agreement:

- i. The expression "the Agency" means the International Atomic Energy Agency;
- ii. For the purposes of Article III, the words "property and assets" shall also include property and funds in the custody of the Agency or administered by the Agency in furtherance of its statutory functions;
- iii. For the purposes of Articles V and VIII, the expression "representatives of Members" shall be deemed to include all Governors, representatives, alternates, advisers, technical experts and secretaries of delegations;
- iv. In sections 12, 13, 14 and 27, the expression "meetings convened by the Agency" means meetings:
  1. of its General Conference and of its Board of Governors;
  2. of any international conference, symposium, seminar or panel convened by it;and
  3. of any committee of any of these bodies;
- v. For the purposes of Articles VI and IX, the expression "officials of the Agency" means the Director General and all members of the staff of the Agency except those who are locally recruited and assigned to hourly rates.

Article II  
*Juridical Personality*

*Section 2.* The Agency shall possess juridical personality. it shall have the capacity (a) to contract, (b) to acquire and dispose of immovable and movable property and (c) to institute legal proceedings.

Article III  
*Property, Funds and Assets*

*Section 3.* The Agency, its property and assets, wherever located and by whomsoever held, shall enjoy immunity from every form of legal process except in so far as in any particular case it has

expressly waived its immunity. It is, however, understood that no waiver of immunity shall extended to any measure of execution.

*Section 4.* The premises of the Agency shall be inviolable. The property and assets of the Agency, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from search, requisition, confiscation, expropriation and any other form of interference, whether by executive, administrative, judicial or legislative action.

*Section 5.* The archives of the Agency, and in general all documents belonging to it or held by it, shall be inviolable, wherever located.

*Section 6.* Without being restricted by financial controls, regulations or moratoria of any kind:

- a) The Agency may hold funds, gold or currency of any kind and operate accounts in any currency;
- b) The Agency may freely transfer its funds, gold or currency from one country to another or within any country and convert any currency held by it into any other currency.

*Section 7.* The Agency shall, in exercising its rights under section 6, pay due regard to any representations made by the Government of any State party to this Agreement in so far as it is considered that effect can be given to such representations without detriment to the interests of the Agency.

*Section 8.* The Agency, its assets, income and other property shall be:

- a) Exempt from all direct taxes; it is understood, however, that the Agency will not claim exemption from taxes which are, in fact, no more than charges for public utility services;
- b) Exempt from customs duties and prohibitions and restrictions on imports and exports in respect of articles imported or exported by the Agency for its official use; it is understood, however, that articles imported under such exemption will not be sold in the country into which they were imported except under conditions agreed to with the Government of that country;
- c) Exempt from duties and prohibitions and restrictions on imports and exports in respect of its publications.

*Section 9.* While the Agency will not, as a general rule, claim exemption from excise duties and from taxes on the sale of movable and immovable property which form part of the price to be paid, nevertheless when the Agency is making important purchases for official use of property on which such duties and taxes have been charged or are chargeable, States parties to this Agreement will, whenever possible, make appropriate administrative arrangements for the remission or return of the amount of duty or tax.

#### Article IV

##### *Facilities in Respect of Communications*

*Section 10.* The Agency shall enjoy, in the territory of each State party to this Agreement and as far as may be compatible with any international conventions, regulations and arrangements to which that State is a party, for its official communications, treatment not less favourable than that accorded by the Government of such a State to any other Government, including the latter's diplomatic mission, in the matter of priorities, rates and taxes for posts and telecommunications, and press rates for information to the press and radio.

*Section 11.* No censorship shall be applied to the official correspondence and other official communications of the Agency.

The Agency shall have the right to use codes and to dispatch and receive correspondence and other official communications by courier or in sealed bags, which shall have the same immunities and privileges as diplomatic couriers and bags.

Nothing in this section shall be construed to preclude the adoption of appropriate security precautions to be determined by agreement between a State party to this Agreement and the Agency.

Article V  
*Representatives of Members*

*Section 12.* Representatives of Members at meetings convened by the Agency shall, while exercising their functions and during their journeys to and from the place of meeting, enjoy the following privileges and immunities:

- a) Immunity from personal arrest or detention and from seizure of their personal baggage, and in respect of words spoken or written and all acts done by them in their official capacity, immunity from legal process of every kind;
- b) Inviolability for all papers and documents;
- c) The right to use codes and to receive papers or correspondence by courier or in sealed bags;
- d) Exemption in respect of themselves and their spouses from immigration restrictions, aliens' registration or national service obligations in the State which they are visiting or through which they are passing in the exercise of their functions;
- e) The same facilities in respect of currency or exchange restrictions as are accorded to representatives of foreign Governments on temporary official missions;
- f) The same immunities and facilities in respect of their personal baggage as are accorded to members of comparable rank of diplomatic missions.

*Section 13.* In order to secure for the representatives of Members of the Agency at meetings convened by the Agency complete freedom of speech and complete independence in the discharge of their duties, the immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts done by them in discharging their duties shall continue to be accorded, notwithstanding that the persons concerned are no longer engaged in the discharge of such duties.

*Section 14.* Where the incidence of any form of taxation depends upon residence, periods during which the representatives of Members of the Agency at meetings convened by the Agency are present in a Member State for the discharge of their duties shall not be considered as periods of residence.

*Section 15.* Privileges and immunities are accorded to the representatives of Members, not for the personal benefit of the individuals themselves, but in order to safeguard the independent exercise of their functions in connexion with the Agency. Consequently, a Member not only has the right but is under a duty to waive the immunity of its representatives in any case where, in the opinion of the Member, the immunity would impede the course of justice, and where it can be waived without prejudice to the purpose of which the immunity is accorded.

*Section 16.* The provisions of sections 12, 13 and 14 are not applicable in relation to the authorities of a State of which the person is a national or of which he is or has been a representative.

Article VI  
*Officials*

*Section 17.* The Agency shall from time to time make known to the Governments of all States parties to this Agreement the names of the officials to whom the provisions of this Article and of Article IX apply.

*Section 18.*

- a) Officials of the Agency shall:
  - i. Be immune from legal process in respect of words spoken or written and all acts performed by them in their official capacity;
  - ii. Enjoy the same exemptions from taxation in respect of the salaries and emoluments paid to them by the Agency and on the same conditions as are enjoyed by officials of the United Nations;
  - iii. Be immune, together with their spouses and relatives dependent on them, from immigration restrictions and alien registration;
  - iv. Be accorded the same privileges in respect of exchange facilities as are accorded to officials of comparable rank of diplomatic missions;

- v. Be given, together with their spouses and relatives dependent on them, the same repatriation facilities in time of international crises as officials of comparable rank of diplomatic missions;
  - vi. Have the right to import free of duty their furniture and effects at the time of first taking up their post in the country in question.
- b) Officials of the Agency shall, while exercising the functions of an inspector under Article XII of the Statute of the Agency or those of a project examiner under Article XI thereof, and while travelling in their official capacity en route to and from the performance of these functions, enjoy all the additional privileges and immunities set forth in Article VII of this Agreement so far as is necessary for the effective exercise of such functions.

*Section 19.* The officials of the Agency shall be exempt from national service obligations, provided that, in relation to the States of which they are nationals, such exemption shall be confined to officials of the Agency whose names have, by reason of their duties, been placed upon a list compiled by the Director General of the Agency and approved by the State concerned.

Should other officials of the Agency be called up for national service, the State concerned shall, at the request of the Agency, grant such temporary deferments in the call-up of such officials as may be necessary to avoid interruption in the continuation of essential work.

*Section 20.* In addition to the privileges and immunities specified in sections 18 and 19 above, the Director General of the Agency, including any official acting on his behalf during his absence from duty, shall be accorded on behalf of himself, his spouse and minor children, the privileges and immunities, exemptions and facilities accorded to diplomatic envoys on behalf of themselves, their spouses and minor children, in accordance with international law. The same privileges and immunities, exemptions and facilities shall also be accorded to a Deputy Director General or official of equivalent rank of the Agency.

*Section 21.* Privileges and immunities are granted to officials in the interest of the Agency only and not for the personal benefit of the individuals themselves. The Agency shall have the right and the duty to waive the immunity of any official in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice and can be waived without prejudice to the interests of the Agency.

*Section 22.* The Agency shall co-operate at all times with the appropriate authorities of Member States to facilitate the proper administration of justice, secure the observance of police regulations and prevent the occurrence of any abuses in connexion with the privileges, immunities and facilities mentioned in this Article.

## Article VII

### *Experts on Missions for the Agency*

*Section 23.* Experts (other than officials coming within the scope of Article VI) serving on committees of the Agency or performing missions for the Agency, including missions as inspectors under Article XII of the Statute of the Agency and as project examiners under Article XI thereof, shall be accorded the following privileges and immunities so far as is necessary for the effective exercise of their functions, including the time spent on journeys in connexion with service on such committees or missions:

- a) Immunity from personal arrest or detention and from seizure of their personal baggage;
- b) In respect of words spoken or written or acts done by them in the performance of their official functions, immunity from legal process of every kind, such immunity to continue notwithstanding that the persons concerned are no longer serving on committees of, or employed on missions for, the Agency;
- c) Inviolability for all papers and documents;
- d) For the purposes of their communications with the Agency, the right to use codes and to receive papers or correspondence by courier or in sealed bags;

- e) The same facilities in respect of currency and exchange restrictions as are accorded to representatives of foreign Governments on temporary official missions;
- f) The same facilities in respect of currency and exchange restrictions as are accorded to members of comparable rank of diplomatic missions.

*Section 24.* Nothing in sub-paragraphs (c) and (d) of section 23 shall be construed to preclude the adoption of appropriate security precautions to be determined by agreement between a State party to this Agreement by the Agency.

*Section 25.* Privileges and immunities are granted to the experts of the Agency in the interests of the Agency and not for the personal benefit of the individuals themselves. The Agency shall have the right and duty to waive the immunity of any expert in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice and can be waived without prejudice to the interests of the Agency.

#### Article VIII

##### *Abuses of Privilege*

*Section 26.* If any State party to this Agreement considers that there has been an abuse of a privilege or immunity conferred by this Agreement, consultations shall be held between that State and the Agency to determine whether any such abuse has occurred and, if so, to attempt to ensure that no repetition occurs. If such consultations fail to achieve a result satisfactory to the State and the Agency, the question whether an abuse of a privilege or immunity has occurred shall be settled by a procedure in accordance with section 34. If it is found that such an abuse has occurred, the State party to this Agreement affected by such abuse has the right, after notification to the Agency, to withhold from the Agency the benefits of the privilege or immunity so abused. However, the withholding of privileges or immunities must not interfere with the Agency's principal activities or prevent the Agency from performing its principal functions.

*Section 27.* Representative of Members at meetings convened by the Agency, while exercising their functions and during their journeys to and from the place of meeting, and officials within the meaning of section 1(v), shall not be required by the territorial authorities to leave the country in which they are performing their functions on account of any activities by them in their official capacity. In the case, however, of abuse of privileges of residence committed by any such person in activities in that country outside his official functions, he may be required to leave by the Government of that country, provided that:

- a) Representatives of Members, or persons who are entitled to the immunities provided in section 20, shall not be required to leave the country otherwise than in accordance with the diplomatic procedure applicable to diplomatic envoys accredited to that country;
- b) In the case of an official to whom section 20 is not applicable, no order to leave the country shall be issued by the territorial authorities other than with the approval of the Foreign Minister of the country in question, and such approval shall be given only after consultation with the Director General of the Agency; and, if expulsion proceedings are taken against an official, the Director General of the Agency shall have the right to appear in such proceedings on behalf of the person against whom they are instituted.

#### Article IX

##### *Laissez-passer*

*Section 28.* Officials of the Agency shall be entitled to use the United Nations laissez-passer in conformity with administrative arrangements concluded between the Director General of the Agency and the Secretary General of the United Nations. The Director General of the Agency shall notify each State party to this Agreement of the administrative arrangements so concluded.

*Section 29.* States parties to this Agreement shall recognize and accept the United Nations laissez-passer issued to officials of the Agency as valid travel documents.

*Section 30.* Applications for visas, where required, from officials of the Agency holding United Nations laissez-passe, when accompanied by a certificate that they are travelling on the business of the Agency, shall be dealt with as speedily as possible. In addition, such person shall be granted facilities for speedy travel.

*Section 31.* Similar facilities to those specified in section 30 shall be accorded to experts and other persons who, though not holders of United Nations laissez-passer, have a certificate that they are travelling on the business of the Agency.

*Section 32.* The Director General, the Deputy Director General and other officials of a rank not lower than head of division of the Agency, travelling on United Nations laissez-passer on the business of the Agency, shall be granted the same facilities for travel as are accorded to officials of comparable rank in diplomatic missions.

#### Article X

##### *Settlement of Disputes*

*Section 33.* The Agency shall make provision for appropriate modes of settlement of:

- a) Disputes arising out of contracts or other disputes of a private character to which the Agency is a party;
- b) Disputes involving any official or expert of the Agency who by reason of his official position enjoys immunity, if immunity has not been waived in accordance with sections 21 or 25.

*Section 34.* Unless in any case it is agreed by the parties to have recourse to another mode of settlement, all differences arising out of the interpretation or application of the present Agreement shall be referred to the International Court of Justice, in accordance with the Statute of the Court. If a difference arises between the Agency and a Member and they do not agree on any other mode of settlement, a request shall be made for an advisory opinion on any legal question involved, in accordance with Article 96 of the Charter of the United Nations and Article 65 of the Statute of the Court and the relevant provisions of the agreement concluded between the United Nations and the Agency. The opinion given by the Court shall be accepted as decisive by the parties.

#### Article XI

##### *Interpretation*

*Section 35.* The provisions of this Agreement shall be interpreted in the light of the functions with which the Agency is entrusted by its Statute.

*Section 36.* The provisions of this Agreement shall in no way limit or prejudice the privileges and immunities which have been, or may hereafter be, accorded to the Agency by any State by reason of the location in the territory of that State of the Agency's Headquarters or regional offices, or of officials, experts, materials, equipment or facilities in connection with Agency projects or activities, including the application of safeguards to an Agency project or other arrangement. This Agreement shall not be deemed to prevent the conclusion between the Agency and any State party thereto of supplemental agreements adjusting the provisions of this Agreement or extending or curtailing the privileges and immunities thereby granted.

*Section 37.* This Agreement shall not itself operate so as to abrogate, or derogate from, any provisions of the Statute of the Agency or any rights or obligations which the Agency may otherwise have, acquire or assume.

#### Article XII

##### *Final Provisions*

*Section 38.* This Agreement shall be communicated to every Member of the Agency for acceptance. Acceptance shall be effected by the deposit with the Director General of an instrument of acceptance, and the Agreement shall come into force as regards each Member on the date of deposit of that Member's instrument of acceptance. It is understood that, when an instrument of acceptance is

deposited on behalf of any State, that State will be in a position under its own law to give effect to the terms of this Agreement. The Director General shall transmit a certified copy of this Agreement to the Government of every State now or hereafter becoming a Member of the Agency, and shall inform all Members of the deposit of each instrument of acceptance and of the filing of any notification of denunciation provided for in section 39.

It shall be permissible for a Member to make reservations to this Agreement. Reservations may be made only at the time of the deposit of the Member's instrument of acceptance, and shall immediately be communicated by the Director General to all Members of the Agency.

*Section 39.* This Agreement shall continue in force as between the Agency and every Member which has deposited an instrument of acceptance for so long as that Member remains a Member of the Agency, or until a revised agreement has been approved by the Board of Governors and that Member has become a party to this revised agreement, provided that if a Member files a notification of denunciation with the Director General this Agreement shall cease to be in force with respect to such Member one year after the receipt of such notification by the Director General.

*Section 40.* At the request of one-third of the States parties to this Agreement, the Board of Governors of the Agency shall consider whether to approve amendments thereto. Amendments approved by the Board shall enter into force upon their acceptance in accordance with the procedure provided in section 38.